

Nd.

220. Frumvarp til laga

um sölu þjóðjarða og kirkjujarða.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Ábúendur þjóð- og kirkjujarða hafa rétt til að fá ábúðarjarðir sínar keyptar, ef þeir, eftir því sem við á, fullnægja 1. gr. laga nr. 116 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaabúð, og auk þess eftirtöldum skilyrðum:

- a. hafi búið á jörðinni minnst 3 ár;
- b. gefi út við undirskrift kaupsamnings skuldbindingu um, að hann geri jörðina að ættaróðali;
- c. fyrir liggi yfirlýsing hlutaðeigandi hreppsnefndar um, að hann hafi setið jörðina vel og að hreppsnefndin mæli með, að hann fái jörðina keypta.

Þó getur hann skotið þeirri umsögn til sýslunefndar.

Ákvæði þessarar greinar taka þó ekki til þeirra jarða, sem þegar eru ákveðnar sem bústaðir embættismanna eða til annarrar opinberrar notkunar, svo og þeirra jarða, er að dómi Búnaðarfélags Íslands að fengnum tillögum viðkomandi sýslunefndar og aðliggjandi bæjarsfélaga teljast líklegar til opinberra nota eða skiptingar í náinni framtíð.

Námuréttindi á þjóð- og kirkjujörðum skulu undanskilin sölu.

2. gr.

Jarðir, sem seldar eru samkvæmt 1. gr., skulu seldar fyrir það verð, sem eftir gjald þeirra segir til um, miðað við 3% vexti, og greiðast að fullu við afsal.

Fari sala fram á jörðum þessum, eftir að þær hafa verið gerðar að ættaróðulum, á ríkissjóður forkaupsrétt á þeim fyrir fasteignamatsverð.

3. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numinn a-liður 47. gr. l. nr. 116 frá 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaabúð.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.